

2. fundur starfshóps um félagslega heimaþjónustu.

Fundurinn er fjarfundur í Teams haldinn kl. 15, þriðjudaginn 16.febrúar 2021.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Valdimar Víðisson, Árni Rúnar Þorvaldsson, Anna Karen Svövdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Kynning á fulltrúum og embættismönnum í hópnum.

Fulltrúar og embættismenn starfshópsins kynntu sig og sinn bakgrunn.

2. Kynning á þjónustu við eldri borgara í Hafnarfirði.

Sjöfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri stuðnings- og stoðþjónustu kynnti helstu þætti í þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu. Fram kom að um viðamikla þjónustu er að ræða við sístækkandi hóp eldri borgara.

3. Helstu áherslumál.

Fundarmenn ræddu helstu áhersluatriði sem taka þarf tillit til við stefnumörkun í málaflökknum. Fram kom að forvarnir og heilsuefling er mörgum hugleikin auk þess sem áhersla þarf að vera á velferðartækni í framtíðinni. Huga þarf að eldri borgurum af erlendum uppruna. Rætt um iðjuþjálfun sem hefur mikið forvarnargildi en sveitarfélög hafa ekki lagt áherslu á þá þjónustu. Rætt um samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, heimaþjálfun o.fl. Horfa þurfi á heildarmarkmiðið sem er félagslegt, andlegt og líkamlegt heilbrigði. Mikilvægt er að rjúfa félagslega einangrun og að nýta reynsluna sem fékkst á Covid tímum. Einnig var umræða um tölfræðilegar upplýsingar um þjónustuna s.s. hvert er hlutfall þeirra eldri borgara sem fá þjónustu o.fl. Lagt var til að farið sé yfir og kallað eftir upplýsingum um fjármagnið sem sveitarfélagið setur í útvistun þjónustunnar en Dagar sjá um þrif á 160 heimilum fyrir eldri borgara.

4. Notendasamráð.

Fulltrúar frá Öldungaráði, Ráðgjafarráði fatlaðs fólks og Fjölmenningsráði verða boðaðir á næsta fund starfshópsins til samráðs og samtals.

Fundi slitið kl. 16:10.